

Til bæjarstjórnar

Efni: Tillaga um skipun afmælisnefndar í tilefni af 40 ára kaupstaðarafmæli Garðabæjar á árinu 2016.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að skipa nefnd í tilefni af 40 ára kaupstaðarafmæli Garðabæjar á árinu 2016.

Nefndina skulu skipa formaður bæjarráðs, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, bæjarstjóri, formaður safna- og menningarmálanefndar og þrír fulltrúar tilnefndir af minnihluta bæjarstjórnar. Atkvæði formanns skal hafa aukið vægi ef atkvæði falla jafnt.

Tilnefningar á fulltrúum minnihluta skal liggja fyrir á næsta fundi bæjarráðs ásamt drögum að erindisbréfi fyrir nefndina.

Greinargerð:

Á fundi hreppsnefndar Garðahrepps sem haldinn var 6. nóvember 1975 samþykkti þáverandi hreppsnefnd að óska eftir því við þingmenn Reykjaneskjördæmis að lagt verði fram frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi fyrir sveitarfélagið. Samþykktinni var fylgt eftir með bréfi, dags. 12. nóvember 1975. Frumvarp til laga var lagt fram á Alþingi daginn eftir eða 13. nóvember 1975 og var Ólafur G. Einarsson, flutningsmaður þess. Frumvarpið varð síðan afgreitt sem lög frá Alþingi 12. desember 1975 og hafði þá farið bæði fyrir neðri og efri deild þingsins. Lögin tóku gildi 1. janúar 1976.

Í upphafi árs 2016 verða því liðinn 40 ár frá því Garðabær varð sérstakur kaupstaður og þykir ástæða til að minnast þess með viðeigandi viðburðum á árinu 2016.

Hlutverk afmælisnefndarinnar er að gera tillögur til bæjarráðs um einstaka viðburði og dagskrá hátíðarhalds. Við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 skal tryggð hæfileg fjárveiting til að standa undir viðburðum að þessu tilefni.